



**ORKUVEITA
HÚSAVÍKUR**

ÁRSSKÝRSLA

2018



EFNISYFIRLIT

STARFSEMI Á ÁRINU	3
1. HITAVEITA	5
2. VATNSVEITA	7
3. FRÁVEITA	9
4. RANNSÓKNIR OG ÞRÓUN	10
5. SAMTÖK OG HLUTDEILDARFÉLÖG	13
6. MANNAUÐSMÁL	16
7. STYRKVEITINGAR	17

STARFSEMI Á ÁRINU

Starfsemi Orkuveitu Húsavíkur ohf var með nokkuð hefðbundnum hætti á síðasta rekstrarári, en verkefni ársins 2018 fólust að stórum hluta í uppbyggingu veitumannvirkja vegna Sjóbaða ehf á Húsavíkurhöfða, sem hóf rekstur á síðari hluta ársins. Upphaflega var gert ráð fyrir opnun sjóbaða í byrjun júní og var allt kapp lagt á að klára veitutengingar á Höfða fyrir þann tíma. Seinkun vegna tafa við byggingu baðaðstöðunnar varð þess þó valdandi að hún var ekki opnuð fyrr en í byrjun september. Veiturekstur í tengslum við sjóboðin hefur farið vel af stað og tiltölulega hnökralaus rekstur er á veitumannvirkjum OH þeim tengdum.

Gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur ohf. var hækkuð frá og með 1. júní 2018 til samræmis við hækkun vísitölu frá janúar 2016, en þá var síðast ráðist í breytingar á gjaldskrá OH. Heildarhækkun gjaldskrárliða nam þó aðeins um 1,9% og var sú ákvörðun tekin í stjórn félagsins með það að markmiði að sem minnstri hækkun yrði velt yfir á notendur veitunnar. Þessi ákvörðun var tekin þrátt fyrir niðurstöðu Hæstaréttar í máli GR gegn OH þar sem staðfest var að það auðlindagjald sem OH greiðir fyrir heitt vatn frá Hveravöllum skuli áfram tengt olíuverði sem er íþyngjandi fyrir rekstur veitunnar.

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2018 var sú ákvörðun tekin í sveitarstjórn Norðurþings að gjaldstofnar vatns- og fráveitugjalda í fasteignagjöldum skyldu lækkaðir í 0,1% af fasteignamati eigna. Tilgangur þeirrar lækkunar var að mæta umtalsverðri hækkun fasteignamats eigna á Húsavík. Tekjurýrnun OH vegna þessara aðgerða varð þó nokkur, en til mótvægis við þær voru arðgreiðslur OH til Norðurþings felldar niður, en þær hafa numið um 100 m.kr. árlega. Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019 var svo tekin ákvörðun um að þessi gjöld skyldu ekki hækkuð til fyrra horfs að svo stöddu.

Aðalfundur Orkuveitu Húsavíkur ohf. vegna starfsársins 2018, var haldinn í stjórnsýsluhúsi Norðurþings að Ketilsbraut 7-9 á Húsavík þann 30. apríl 2019 og fór Helena Eydís Ingólfssdóttir með umboð sveitarfélagsins Norðurþings, eiganda Orkuveitu Húsavíkur ohf.

Stjórnarformaður flutti ávarp og fór yfir rekstur og helstu framkvæmdir félagsins á liðnu starfsári.

Þá þakkaði stjórnarformaður stjórn, fyrir hönd framkvæmdastjóra og stjórnar, samstarfsfólki, viðskiptavinum og íbúum ásamt verktökum fyrir gott samstarf og samtal á árinu.

Á aðalfundi var stjórn félagsins kjörin, en að þessu sinni urðu breytingar bæði í stjórn og varastjórn félagsins þegar Sif Jóhannesdóttir, aðalmaður og Guðbjartur Ellert Jónsson, varamaður viku úr stjórn OH og hurfu til annarra starfa. Lögð var fram tillaga að stjórn og varastjórn OH sem var samþykkt og var hún eftirfarandi:

Sigurgeir Höskuldsson, aðalmaður, Bergur Elías Ágústsson, aðalmaður og Kolbrún Ada Gunnarsdóttir, aðalmaður.

ORKUVEITA HÚSAVÍKUR ÁRSSKÝRSLA

2018

Varamenn í stjórn Orkuveitu Húsavíkur ohf voru á sama tíma kjörnir þeir Guðmundur Halldór Halldórsson, Hafrún Olgeirsdóttir og Birna Ásgeirsdóttir.

Á stjórnarfundum sem haldin var í kjölfar aðalfundar var skipað í embætti stjórnar OH og eru hlutverk stjórnarmanna eftirfarandi:

- Sigurgeir Höskuldsson, formaður stjórnar
 - Birna Ásgeirsdóttir, varamaður
- Bergur Elías Ágústsson, varaformaður stjórnar
 - Hafrún Olgeirsdóttir, varamaður
- Kolbrún Ada Gunnarsdóttir, stjórnarmaður.
 - Guðmundur Halldór Halldórsson, varamaður



Mynd 1 - Sigurgeir Höskuldsson



Mynd 2 - Bergur Elías Ágústsson



Mynd 1 – Kolbrún Ada Gunnarsdóttir



Kjarnastarfsemi Orkuveitu Húsavíkur ohf.

1. HITAVEITA

Nýframkvæmdir

Helstu nýframkvæmdir í tengslum við hitaveitur félagsins sem ráðist var í á árinu voru eins og áður sagði, vegna uppbyggingar á starfsemi sjóbaða á Húsavíkurhöfða, en Orkuveita Húsavíkur ohf er eignaraðili að Sjóböðum ehf, félags sem stofnað var í tengslum við reksturinn. Framkvæmdir við tengingu veitulagna frá þeim nýtingarholum sem ætlaðar eru til reksturs baðaðstöðunnar hófust í upphafi árs 2018 með tengingu við holu HU-01 á Húsavíkurhöfða, en þeim lauk samhliða 1. áfanga gatnagerðar á Höfða í júlí sama ár þegar veitulögn frá holu FE-01 á Norðurgarði var komið í jörðu.

Rekstur sjóbaðanna hefur farið nokkuð vel af stað, en til þeirrar starfsemi er veitt u.þ.b. 12-15 l/s af ca. 30°C heitum jarðsjó úr holu FE-01 á Norðurgarði ásamt u.þ.b. 5-7 l/s af 101°C heitu vatni úr holu HU-01 á Húsavíkurhöfða sem nýtt er til upphitunar baðvatnsins.

Stofnkostnaður OH vegna þessara framkvæmda nemur um 60 m.kr. en skv. samningi við Sjóböð ehf sem undirritaður hefur verið, er gert ráð fyrir að hann greiðist til baka á u.þ.b. 12 árum í formi vatnsgjalda.

Ýtt hefur verið út af borðinu áformum um lagningu hitaveitu í Kelduhverfi, en gert er ráð fyrir að þær framkvæmdir sem þegar hafa verið eignfærðar vegna verkefnisins verði afskrifaðar í bókum félagsins. Til þess að kanna áhuga fasteignaeigenda á fyrirhuguðu veitusvæði var farið fram á skuldbindandi yfirlýsingu frá þeim sem hefðu hug á því að taka inn hitaveitu ef af verkefninu yrði. Í ljós kom að aðeins lítill minnihluti fasteignaeigenda á svæðinu voru tilbúnir til þess að staðfesta þátttöku og því var tekin sú ákvörðun í stjórn félagsins að hætta öllum áformum um verkefnið í bili a.m.k, en endurskoða þá ákvörðun síðar ef forsendur breyttust.

Viðhaldsframkvæmdir

Viðhaldsframkvæmdum var sinnt í tengslum við bilanir í veitukerfum þegar þær komu upp, en engar stórar eða óvæntar bilanir urðu þó í tengslum við rekstur hitaveitna á árinu. Þó er vert að nefna að upp kom leki á yfirþrýstri stofnlögn hitaveitu frá Hveravöllum til Húsavíkur vegna staðbundinnar tæringar og fór bráðabirgðaviðgerð á henni fram síðasta sumar. Undirbúningur fullnaðarviðgerðar stendur yfir og verður ráðist í þá framkvæmd næsta sumar.

Í Aðaldal fór fram endurnýjun á hluta tveggja, töluvert langra heimtauga, annars vegar að Syðra Fjalli og hins vegar að Ytra Fjalli og gekk sú vinna að óskum.

ORKUVEITA HÚSAVÍKUR ÁRSSKÝRSLA

2018

Endurnýjaðar voru stofnlagnir og heimtaugar samhliða 1. áfanga gatnaframkvæmda á Höfða, en þar er um að ræða austasta hluta iðnaðarsvæðis á Höfða, frá vinnubúðum Munck á Höfða að Cape Hotel.

Heitavatnssala

Sala á heitu vatni skiptist annars vegar í sölu vegna vatns til snjóbræðslu og iðnaðarnota sem ber 24% vsk og hins vegar vatns til almennrar notkunar sem ber 11% vsk.

Vatn til snjóbræðslu og iðnaðar

Þjónustugjald	0,02 m.kr.
Hemlagjald – fast gjald	6,14 m.kr.
Rúmmetragjald	10,81 m.kr.
Fastagjald	0,33 m.kr.
Samtals	17,30 m.kr.


Vatn til almennrar notkunar

Heimlögn	3,50 m.kr.
Þjónustugjald	1,16 m.kr.
Rúmmetragjald	187,82 m.kr.
Fastagjald	20,34 m.kr.
Samtals	212,78 m.kr.

Heildartekjur ársins 2018 vegna hitaveitutengdrar starfsemi námu kr. 230.696.767

Á árinu 2018 voru seldir 2.015.706 m³ af heitu vatni en til samanburðar nam selt vatnsmagn árið á undan 1.742.022 m³. Sölutölur ársins 2017 voru til samanburðar 201,5 m.kr. og námu fastar tekjur um 19,4 m.kr.

Sala OH OH á heitu vatni árin 2008 - 2018



2. VATNSVEITA

Nýframkvæmdir

Endurnýjaðar voru stofnlagnir ásamt heimtaugum neysluvatns samhliða 1. áfanga gatnaframkvæmda á Höfða. Samhangandi þeim framkvæmdum var einnig lögð stofnlögn neyslu- og slökkvivatns að Sjóböðum á Höfða og í tengslum við þá framkvæmd var reist dæluhús á N-A hluta Höfða svo tryggja mætti nægan vatnsþrýsting að baðstaðnum.

Viðhaldsframkvæmdir

Nokkuð stór bilun kom upp í stofnæð vatnsveitu á Húsavík þegar gömul pottlögn fór í sundur á svokölluðu „jólátréstorgi“ í miðbæ Húsavíkur. Ekki reyndist unnt að loka fyrir rennsli um lögnina um leið og bilunin kom í ljós vegna starfsemi GPG Seafood sem fær vatn til starfsemi sinnar um umrædda stofnæð. Viðgerð fór því ekki fram fyrr en nokkru eftir að bilunar varð vart og hægt var að loka fyrir vatnið, en tjónið sem hlaut af biluninni varð umtalsvert. Viðgerð gekk þó vel og var stofnæðin endurnýjuð að hluta.

Aðrar bilanir tengdum vatnsveitum voru minniháttar og auðleystar.

Af fasteignum í Norðurþingi er greitt vatnsgjald sem innheimt er með fasteignagjöldum. Fyrirtæki á svæðinu greiða auk þess fyrir mælda notkun.

Kalt vatn til iðnaðar

Rúmmetragjald 16,63 m.kr.

Fastagjald 0,828 m.kr.

Samtals 17,46 m.kr.

Kalt vatn til almennra nota

Vatnsgjald 61,95 m.kr.

Heimlögn 2,95 m.kr.

Samtals 64,91 m.kr.


Heildartekjur ársins 2018 vegna neysluvatns námu kr. 82.360.963 en voru um 93,1 m.kr. árið á undan.

Árið 2018 voru seldir til iðnaðar um 1.163.006 m³ af köldu vatni, samanborið við 1.027.434 m³ árið 2017.

ORKUVEITA HÚSAVÍKUR ÁRSSKÝRSLA

2018

Sala OH á köldu vatni eftir mæli árin 2008-2018



3. FRÁVEITA

Nýframkvæmdir

Lagður var stofn fráveitu í tengslum við byggingu sjóbaða á Höfða, en við val á sverleika lagna og brunna var einnig gert ráð fyrir hótélbyggingu sem fyrirhuguð er á því svæði.

Ráðist var í framkvæmdir í Breiðagerði/Þverholti í lok ársins við aðskilnað fráveitu og yfirborðsvatns, en þrátt fyrir að við byggingu þeirra húsa sem standa við Urðargerði, Brúnagerði og Steinagerði, hafi á sínum tíma verið gerð krafa um tvöfalt kerfi fráveitulagna, var yfirborðsvatni veitt inn í fráveitukerfi við gatnamót Breiðagerðis og Þverholts. Eftir aðskilnað þessara kerfa er ofanvatni frá húspökum, bílastæðum og niðurföllum þessa hverfis leitt út í Skógargerðislæk, en fráveituvatni, eftir sem áður niður Þverholt og inn á stofnlögn í Stangarbakka.

Viðhaldsframkvæmdir

Til viðbótar við minniháttar viðhaldsframkvæmdir á fráveitukerfum voru endurnýjaðar stofnlagnir og heimtaugar að fasteignum á austurhluta Höfða í tengslum við 1. áfanga gatnaframkvæmda á Höfða.

Gjöld vegna fráveitu eru innheimt með fasteignagjöldum. Tekjur ársins 2018 voru kr. 45,997.863 en voru 64,7 m.kr. árið á undan.

4. RANNSÓKNIR OG ÞRÓUN

Efnarannsóknir

Stjórn OH samþykkti á árinu að samið yrði við Geochemý ehf um að sinna rannsóknum á efnainnihaldi jarðvökva frá Hveravöllum sem nýttur er til hitaveitu á Húsavík. Geochemý ehf er félag sem starfandi er í Mývatnssveit og byggir afkomu sína á rannsóknum fyrir aðila sem starfa í tengslum við nýtingu jarðhita. Eins og staðan er gerir Orkustofnun ekki kröfu um að þessari rannsóknarskyldu sé sinnt af hálfu nýtingaraðila, en því mun verða fylgt eftir síðar skv. upplýsingum frá OS. Hins vegar eru þessar upplýsingar ekki síður gagnlegar nýtingaraðilum sjálfum og notendum þeirra veitna sem þeir reka t.d. í tengslum við efnisval lagna og búnaðar ásamt öðru sem snýr að nýtingu vökvans.

Stefnt er að sýnatökum úr öllum nýtingarholum OH á Hveravöllum á árinu 2019, en samhliða því verði tekið blandsýni í orkustöð félagsins við Hrismóa 1. Árlega verður svo aðeins tekið blandsýni í orkustöð nema efnabreytingar þar gefi tilefni til endurtekinna staðbundinna efnagreininga jarðvökva úr borholum á Hveravöllum.

Aðskilnaður yfirborðsvatns úr fráveitukerfum

Aðskilnaður fráveitu og yfirborðsvatns á Húsavík er verkefni sem unnið hefur verið að jafnt og þétt á árinu, en mikilvægi þess að unnið verði áfram með kerfisbundnum hætti í þá átt færast sífellt ofar á forgangslista Orkuveitu Húsavíkur. Á Húsavík er nú þegar orðið mjög aðkallandi að létt verði á stofnlögnum fráveitukerfa bæjarins og að unnið verði markvisst að slíkum verkefnum í náinni framtíð. Búið er að kortleggja og meta vatnsmestu innstreymi ofanvatns í kerfið og teikna gróflega upp aðgerðar- og kostnaðaráætlun til þess að bregðast við því.

Hafinn er undirbúningur að lagningu safnlagnar fyrir ofanvatn eftir Stangarbakka og mun sú lögn í framtíðinni taka við öllu því yfirborðsvatni frá þéttbýli Húsavíkur sem ekki verður hægt að fella að blá-grænum lausnum tengdum veitumálum yfirborðsvatns. Safnlögnin verður lögð frá svokallaðri „Kastvatnslöpp“ við gatnamót Stangarbakka og Þverholts, að Búðarárgili og mun yfirborðsvatninu sem hún flytur verða veitt út í nýjan farveg Búðarár í Stangarbakkafljóru.

Orkustöð OH

Unnið hefur verið jöfnum höndum að gerð samkeppnislýsingar vegna fyrirhugaðrar nýtingar á heitu vatni til raforkuframleiðslu í orkustöð OH að Hrismóum 1. Hugverkið hefur tekið þó nokkrum breytingum frá því lagt var af stað í þessa vinnu, en höfundar eru nokkuð ánægðir með afraksturinn, nú þegar verkið hefur verið sent út til áhugasamra aðila. Við upphaf vinnunnar var

horft til þess að farin yrði svokölluð BOT-leið (Build-Operate-Transfer) sem felst í því að samið yrði við áhugasaman aðila um uppsetningu vélbúnaðar í stöðinni sem byggir á þekktri framleiðslutækni til raforkuframleiðslu úr lágvarma, rekstur stöðvarinnar í fyrirfram ákveðinn tíma og afhendingu stöðvarinnar með öllu sem henni fylgir í lok samningstímans. Síðan vinna hófst við gerð samkeppnislýsingar hefur það markmið tekið nokkrum breytingum og er lagt upp með að fá upp á borðið hugmyndir frá áhugasömum aðilum á eins víðum grunni og mögulegt er, en dómnefnd mun fara yfir innsendar tillögur og taka afstöðu til þeirra.

Jarðhitaleit í Norðurþingi

Að margra mati er löngu tímabært að farið verði af stað í markvissa jarðhitaleit í landi Norðurþings með það að markmiði að auka rekstraröryggi Orkuveitu Húsavíkur og þegar fram í sækir, lækka kostnað veitunnar og notenda hennar vegna þeirra auðlindagjalda sem félagið greiðir landeigendum núverandi nýtingarsvæðis.


Staðfest hefur verið með dómi Hæstaréttar í máli OH gegn GR að tenging auðlindagjalda við olíuverð sé til samræmis við Íslensk lög og því ljóst að Orkuveita Húsavíkur þarf að greiða eitt hæsta auðlindagjald allra veitna sem starfandi eru á Íslandi. Í ljósi niðurstöðu Hæstaréttar og ekki síður þeirrar staðreyndar að OH er að öllu leiti háð eignaraðilum nýtingarsvæða félagsins með orkuöflun, væri mjög skynsamlegt að kanna möguleikann á því hvort félagið gæti að einhverju leiti orðið sjálfbært og öðrum óháð með þá orku sem félagið vinnur og dreifir til notenda.

Borun eftir heitu vatni á Höfða

Framkvæmdir í tengslum við sjóböð á Húsavíkurhöfða leiddu í ljós áður óþekktu sprungu sem líklega liggur austur-vestur yfir Húsavíkurhöfða og tengist holu FE-01 við Norðurgarð (Dönsku laug), en sjór úr þeirri holu er nýttur sem baðsjór í sjóböðum á Höfða. Með borunum á höfðanum væri því mögulegt að sækja jarðsjó til notkunar í sjóböðum, mun nær notandanum en nú er gert og auka með því nýtingarmöguleika á heitum jarðsjó, t.d. til snjóbræðslu á hafnarsvæðinu. Íslenskum Orkurannsóknnum var fengið það hlutverk að meta þennan möguleika út frá þeim gögnum sem fyrir liggja og skv. þeirri niðurstöðu sem nú liggur fyrir eru góðar líkur á að boranir geti skilað vænlegri niðurstöðu.



Mynd 2 – Áætluð sprunga yfir Húsavíkurhöfða



Mynd 3 - Ræktunarsamband Flóa og Skeiða við boranir á Raufarhöfn 2017

Varmadælur á Raufarhöfn

Í lok árs 2017 var ráðist í borun 150 m djúprar holu við íþróttamiðstöð á Raufarhöfn með það að markmiði að athuga hvort þar væri að finna nýtanlegt vatn fyrir varmadælur til kyndingar á skólahúsnæði, íþróttahúsi og sundlaug. Dæluþrófanir við holuna sem nefnist RA-19, hófust á síðasta ári en var hætt eftir ca. viku vegna bilunar í dælubúnaði. Þær vísbendingar sem fengust á þeim tíma gefa til kynna að um nægjanlegt magn sé að ræða af u.þ.b. 7,5°C heitu vatni sem hentar fullkomlega til keyrslu varmadælu fyrir húsnæðið. Þessar vísbendingar lofa einnig góðu fyrir aðra þá sem hyggja á uppsetningu á varmadælum á svæðinu. Verkfræðistofan Efla hefur skilað greinargerð um þann varmadæluþrófanir sem best myndi nýtast til kyndingar á húsnæði skóla og íþróttamiðstöðvar ásamt útreikningum um

áætlaðan endurgreiðslutíma stofnkostnaðar og rekstrarsparnað. Skv. því sem þar kemur fram myndi stofnkostnaður við framkvæmdina skila sér til baka á u.þ.b. 4 árum.

5. SAMTÖK OG HLUTDEILDARFÉLÖG

Orkuveita Húsavíkur ohf. er aðili að félagasamtökum og á hlutdeild í nokkrum félögum sem hér segir:

<u>Félag/Félagasamtök</u>	<u>Eignarhlutur</u>
• Samorka -- Samtök orku- og veitufyrirtækja	Aðild
• Eimur -- Samstarfsverkefni um orkunýtingu á N-A landi	Aðild (9%)
• Hitaveita Öxarfjarðarhéraðs hf -- Dótturfélag OH	50,77%
• Hrafnabjargavirkjun hf -- Orkunýting í Skjálfandafljóti	48,75%
• Íslensk Orka ehf -- Orkuöflun og nýting í Öxarfirði	31,45%
• Sjóböð ehf – Rekstur aðstöðu til sjóbaða á Húsavík	13,78%
• Mýsköpun ehf -- Stuðningur við atvinnuþróun og nýsköpun	5,00%

Samorka eru samtök orku- og veitufyrirtækja á Íslandi. Samtökin voru stofnuð árið 1995 við samruna Sambands íslenskra hitaveitna (stofnuð 1980) og Sambands íslenskra rafveitna (stofnuð 1942). Innan samtakanna starfa fráveitur, hitaveitur, vatnsveitur, raforkuframleiðendur, raforkusalar og flutnings- og dreifingar fyrirtæki raforku. Ýmis fyrirtæki og stofnanir sem tengjast orku- eða veitufyrirtækjum með einhverjum hætti eru aukaaðilar að Samorku.

Hjá Samorku starfa sérfræðingar í málefnum orku- og veitumála og unnið er faglegt starf á þeim vettvangi með aðildarfyrirtækjum, stjórnvöldum og öðrum sem að því koma.

Á vettvangi Samorku starfar fjöldi fagraða, nefnda og hópa. Má þar nefna fagrað fyrir málefni fráveitna, hitaveitna, raforku og vatnsveitna, umhverfisráð, ráðgjafaráð orkufyrirtækja, öryggisráð, samstarfshóp um kynningarmál, vinnumarkaðsnefnd, þjónustuhóp, rafbílahóp, innkaupahóp, spennahóp, mælahóp, snjallkerfahóp, gæða- og skjalastjórahóp o.fl.

Samorka hefur unnið fjölmörg sameiginleg verkefni s.s. Handbækur hita- og vatnsveitna, Tæknilega tengiskilmála raforkudreifingar; Reikningsskilahandbók; leiðbeiningar um innra eftirlit fyrir raf- og vatnsveitur o.fl.

Hitaveita Öxarfjarðarhéraðs hf er einkafélag í eigu Norðurþings, einstaklinga og annarra aðila. Félagið hefur sjálfstæðan fjárhag.

Starfssvæði Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs er byggð í Öxarfirði frá Kópaskeri í norðri og suður fyrir skólahverfið í Lundi og Skinnastað og er hlutverk Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs hf að afla, flytja og dreifa heitu vatni á starfssvæði sínu, samkvæmt gjaldskrá sem stjórn hennar setur að höfðu samráði við sveitarstjórn og iðnaðarráðherra staðfestir.

ORKUVEITA HÚSAVÍKUR ÁRSSKÝRSLA

2018

EIMUR er samstarfsverkefni sem snýr að bættri nýtingu orkuauðlinda og aukinni nýsköpun í orkumálum á Norðurlandi eystra. Að verkefninu standa Landsvirkjun, Norðurorka, Orkuveita Húsavíkur og Eyþing, samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum. Auk þess eru Íslenski jarðvarmaklasinn og Íslenski ferðaklasinn aðilar að verkefninu, ásamt atvinnuþróunarfélögnum á svæðinu.

Verkefnið er til þriggja ára (2017-2019) og hafa stofnaðilar lagt verkefninu til hundrað milljónir króna.

Hrafnabjargavirkjun hf er félag í eigu Orkuveitu Húsavíkur ohf, Norðurorku hf og Atvinnuefingar Þingeyjasveitar ehf. Tilgangur félagsins er að standa að uppbyggingu raforkuvera á Íslandi, eiga þau og reka. Enginn starfsmaður var hjá félaginu á árinu.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam tap af rekstri félagsins á árinu 2018 kr. 562 þús. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins kr. 24.551 þús. í árslok. Eigið fé félagsins í árslok nam kr. 24.551 þús. að meðtöldu hlutafé að fjárhæð kr. 33.500 þús.

Íslensk Orka ehf er félag í 36,26% eigu Norðurorku hf, 32,29% eigu Landsvirkjunar og 31,45% eigu Orkuveitu Húsavíkur ohf. Félagið stundar starfsemi tengda orkuöflun í Öxarfirði og nýtingu hennar. Þrjár ónýttar borholur eru í eigu félagsins, BA-01, BA-02 og BA-03 og eru þær allar staðsettar austan Bakkahlaups í Kelduhverfi við bakka Jökulsár á Fjöllum.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam tap af rekstri félagsins á árinu 2018 kr. 123 þús. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins kr. 2.664 þús. í árslok. Eigið fé félagsins í árslok nam kr. 2.664 þús. að meðtöldu hlutafé að fjárhæð kr. 5.814 þús.

Sjóböð ehf er félag sem stofnað var í tengslum við uppbyggingu og rekstur náttúrubaða á Húsavíkurhöfða og eru þeir eignaraðilar sem standa á bak við 99,64% hlutfjár eftirtaldir:

<u>Hluthafar</u>	<u>Eignahlutur</u>
• Norðursigling	29,03%
• Tækifæri	29,02%
• Baðfélag Mývatnssveitar	18,33%
• Orkuveita Húsavíkur	13,78%
• Dimmuborgir	9,17%
• Saga Travel	0,34%

Starfsemi félagsins á árinu 2018 fólst í framkvæmdum við byggingu fasteignar sem nú hýsir starfsemi félagsins, en baðaðstaða félagsins var opnuð gestum í september. Tap ársins nam 17,0 millj. kr. samanborið við 7,4 millj. kr. tap á árinu 2017. Eignfærður framkvæmdakostnaður nam 580,1 millj. kr. á árinu og námu heildareignir félagsins 815,5 millj. kr. í árslok 2018.

ORKUVEITA HÚSAVÍKUR ÁRSSKÝRSLA

2018

Mýsköpun ehf er félag sem stofnað var í þeim tilgangi að styðja við nýsköpun, atvinnuþróun í tengslum við rannsóknir og undirbúning að ræktun lífmassa, þ.m.t. ræktun þörunga, rekstur fasteigna og lánastarfsemi.

Á stofnfundi félagsins, sem haldinn var í Mývatnssveit þann 2. apríl 2013 voru félaginu lagðar til kr. 10.265.000 í stofnfé, en stærstu hluthafar voru eftirtaldir:

<u>Hluthafar</u>	<u>Stofnfé</u>
• Nýsköpunarmiðstöð Íslands	kr. 2.500.000
• Skútustaðahreppur	kr. 2.500.000
• Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga	kr. 1.000.000
• Landeigendur Reykjahlíðar ehf	kr. 750.000
• Baðfélag Mývatnssveitar	kr. 500.000
• Landeigendafélag Voga	kr. 500.000
• Orkuveita Húsavíkur ohf	kr. 500.000

6. MANNAUÐSMÁL

Starfsmannahald Orkuveitu Húsavíkur ohf var með óbreyttu sniði frá fyrra rekstrarári og eru starfsmen OH fimm talsins, tveir á skrifstofu félagsins en þrír sem sinna viðhaldi, nýframkvæmdum og öðrum verkefnum á vegum OH. Svo virðist sem þessi starfsmannafjöldi sé að anna nokkuð vel þeim verkefnum sem eru inn á borði veitunnar í dag, í hópnum ríkir góður starfsandi og samstaða og markmiðin eru skýr. Starfsmannafélag OH var stofnað á árinu sem, eftir lýðræðislega kosningu fékk nafnið „Arnviður“. Starfsmannafélaginu er ætlað að efla enn frekar þann félagsanda og starfsánægju sem ríkt hefur innan starfsmannahóps OH.

Starfsmenn Orkuveitu Húsavíkur ohf eru eftirtaldir:

- Gunnar Hrafn Gunnarsson, framkvæmdastjóri
- Dagmar Kristjánsdóttir, bókarí
- Karl Vilhelm Halldórsson, verkstjóri
- Jón Friðrik Einarsson, aðstoðarverkstjóri
- Björn Grétar Ægisson, starfsmaður

Unnið er skv. rammasamkomulagi sem felur í sér að veitustjóri er framkvæmdafulltrúi sveitarfélagsins og sér um daglegan rekstur veitna, ásamt því að þeir starfsmenn Orkuveitunnar sem sjá um viðhald og framkvæmdir teljast starfsmenn þjónustumiðstöðvar Norðurþings. Bókhalð, innheimta og uppgjör er skv. þeim samningi rekið innan fjármálasviðs Norðurþings.

7. STYRKVEITINGAR

Í gildi er 3ja ára samstarfs- og styrktarsamningur milli Orkuveitu Húsavíkur ohf og íþróttafélagsins Völsungs. Markmið Orkuveitunnar er að styðja Völsung í íþrótt- og uppeldishlutverki sínu auk þess að skapa jákvætt viðhorf til fyrirtækisins á starfssvæði félagsins.



OH styrkti Kiwanis á árinu til kaupa á flugeldum og til uppsetninga flugeldasýninga sem fóru fram í kringum áramótin. Unnið er skv. 3ja ára styrktarsamningi við klúbbinn til þess að gera honum kleift að sinna því starfi áfram.



Orkuveita Húsavíkur ohf er aðili að styrktarsamningi við Lista- og menningarsjóð Norðurljósa. Með því mun Orkuveitan vísa umsóknum um lista- og menningarmál til sjóðsins.



Orkuveitan veitti að auki fjölmarga styrki á árinu til smærri verkefna, innan sem utan nærsamfélagsins.

Gunnar Hrafn Gunnarsson



ORKUVEITA
HÚSAVÍKUR

Framkvæmdastjóri Orkuveitu Húsavíkur ohf.